

Minjaráð Austurlands
fundur 10. mars 2021
Fjarfundur á Teams

Mættir: Þuríður Elísa Harðardóttir form., Skúli Björn Gunnarsson, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Kristjana Louise Friðbjarnardóttir, Eyrún Þóra Guðmundsdóttir varm., Rannveig Þórhallsdóttir varm. og Elsa Guðný Björgvinsdóttir varm.

Forföll boðuðu: Andrés Skúlason.

Dagskrá:

1. Síðasta fundargerð
2. Stefnumótunarvinna
3. Verkefni til Innviðasjóðs
4. Verndarsvæði í byggð
5. Friðlýsingar
6. Önnur mál

Þuríður setti fund kl. 10.05 og gengið var til dagskrár.

1. Síðasta fundargerð

Þuríður fór yfir fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir og fundargerðin samþykkt.

2. Stefnumótunarvinna

Þuríður sagði frá því að nú væri að hefjast vinna um stefnumótun fyrir menningarminjar. Ætlunin er að öll minjaráðin komi inn á stóran Zoom-fund í mars og þar fari fram hópavinna. Minjaráðsfulltrúar munu fá fundarboð þegar dagsetning liggur fyrir

3. Verkefni til Innviðasjóðs

Skilti við fjárborgina í Mjóafirði verður sett upp í vor en þá verður þeim verkefnum lokið sem unnið var að hér eystra. Þuríður kallaði eftir hugmyndum um næstu staði þar sem þörf væri á bættu aðgengi og upplýsingaskiltum. Á fundinum voru nefndir þessir: Krakalækjarþing í Hróarstungu, Gautavík í Berufirði, Stöð í Stöðvarfirði og Þórarinsstaðir í Seyðisfirði. Minjaráðsfulltrúar munu senda frekari hugmyndir til Þuríðar.

4. Verndarsvæði í byggð

Þuríður sagði að vinna við þau verndarsvæði í byggð sem samþykkt hafa verið á Austurlandi væri komin af stað. María Gísladóttir hjá Minjastofnun er komin með yfirumsjón með verkefninu og er í samráði við minjaverði. Rætt var um hugsanleg svæði sem ætti að skoða. Nefnd voru húsasvæði á Eskifirði, Fáskrúðsfirði og Höfn.

5. Friðlýsingar

Þuríður ræddi friðlýsingar menningarminja og menningarlandslags og lagði fyrir minjaráð að skoða hvaða staðir eða svæði á Austurlandi kæmu til greina. Minjaráðsfulltrúar munu safna hugmyndum um það fyrir næsta fund sem hægt verður að taka til umræðu.

6. Önnur mál

a. Hamfarirnar á Seyðisfirði

Þuríður upplýsti um aðkomu Minjastofnunar að málum vegna hamfaranna á Seyðisfirði þar sem friðlýst hús, menningarminjar og safngripir eyðilögðust eða skemmdust í aurskriðum. Elsa Guðný sagði frá því hvernig safnafólk hefur undir stjórn Þjóðminjasafnsins sameinast um að bjarga því sem bjargað verður og búið að lyfta grettistaki með samstilltu átaki margra.

Minjaráð lýsir yfir ánægju sinni með þann samtakamátt sem safnafólk og áhugafólk um menningarminjar hefur sýnt í verki á Seyðisfirði í kjölfar hamfaranna við að bjarga mikilvægum verðmætum sem skipta miklu fyrir sögu Austurlands.

b. Næstu fundir

Fyrirhugað að halda snertifundi í júní og september og velja fundarstaði þar sem hægt verður að skoða minjar í leiðinni. Þuríður mun senda tillögur um staðsetningu út síðar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10.45.

Þuríður Elísa Harðardóttir

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð

Eyrún Helga Ævarsdóttir

Eyrún Þóra Guðmundsdóttir

Kristjana Louise Friðbjarnardóttir

Rannveig Þórhallsdóttir

Elsa Guðný Björgvinsdóttir